

# Verðbréfalýsing

---

HS Veitur hf. – HSVE 08 1

Nóvember 2009

## Efnisyfirlit

1.	Áhættuþættir .....	3
1.1	Almennt.....	3
1.2	Skuldaraáhætta .....	3
1.3	Krossábyrgð.....	3
1.4	Lagabreytingar .....	4
1.5	Markaðsáhætta.....	4
1.6	Seljanleikaáhætta.....	4
1.7	Verðbólguáhætta .....	4
2.	Ábyrgir aðilar.....	5
2.1	Yfirlýsing stjórnar .....	5
2.2	Yfirlýsing umsjónaraðila .....	5
3.	Til fjárfesta .....	6
4.	Helstu upplýsingar .....	7
4.1	Hagsmunir einstaklinga og lögaðila sem tengjast útgáfunni .....	7
4.2	Ástæður fyrir útboðinu og ráðstöfun söluandvirðis útboðs .....	7
5.	Upplýsingar um skuldabréfin .....	9
6.	Taka til viðskipta í kauphöll og fyrirkomulag viðskipta .....	13
7.	Viðbótarupplýsingar.....	13
7.1	Ráðgjafar .....	13
7.2	Utanaðkomandi upplýsingar .....	14

# 1. Áhættuþættir

## 1.1 Almennt

Útgefandi telur að eftirfarandi skipti máli við mat á þeim áhættuþáttum sem tengjast skuldabréfunum. Samkvæmt bestu vitund útgefanda eru upplýsingar, sem lýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Útgefandi telur eftirfarandi upptalningu lýsa helstu áhættuþáttum sem felast í fjárfestingu í skuldabréfum í þessum flokki, en önnur atvik, atriði eða athafnaleysi, sem eru óháð útgefanda og útgefandi getur ekki séð fyrir, geta leitt til vanhæfni útgefanda til greiðslu bréfanna.

## 1.2 Skuldaraáhætta

Skuldaraáhætta er sú áhætta að útgefandi geti ekki uppfyllt skyldur sínar um endurgreiðslu á gjalddaga. Útgefandi skuldbindur sig til að endurgreiða skuldabréfin á gjalddaga með tekjum sínum og eignum. Skuldbinding útgefanda er bein, óskilyrt og án frekari trygginga. Allar kröfur á hendur útgefanda til endurgreiðslu skuldabréfanna eru jafnrétt háar. Krafa á hendur útgefanda til endurgreiðslu skuldabréfanna nýtur ekki forgangs umfram aðrar kröfur á hendur útgefanda og er jöfn öllum öðrum ótrygðum kröfum á hendur honum, nema þeim sem njóta lögveðsréttar.

Í tengslum við útgáfu skuldabréfanna hefur útgefandi ekki tekist á hendur frekari skyldur sem takmarka heimildir eða getu hans til frekari lántöku, þ.m.t. til töku lána sem eru jafnrétt há og skuldabréfin.

## 1.3 Krossábyrgð

Þar sem um uppskiptingu hlutafélags er að ræða ber útgefandi krossábyrgð á þeim lánum sem eftir voru hjá HS Orku hf. miðað við 1. júlí 2008, alls að upphæð 17.593.849 þúsund króna. Að sama skapi ber HS Orka hf. krossábyrgð á þeim lánum sem útgefandi tók yfir við uppskiptingu Hitaveitu Suðurnesja hf., miðað við 1. júlí 2008, alls að upphæð 280.497 þúsund króna. Nánari umfjöllun í kafla 4.2.

Um krossábyrgð segir samkvæmt 3. mgr. 133.gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög:

*„Ef kröfuhafi í félaginu, sem tekið hefur þátt í skiptingunni, fær ekki fullnustu kröfu sinnar í því félagi sem kröfuna skal greiða ber hvert hinna þátttökufélaganna óskipta ábyrgð á skuldbindingum sem stofnast höfðu þegar upplýsingar um skiptingaráætlunina voru birtar. Ábyrgð hinna viðtökufélaganna takmarkast þó við nettóverðmæti þess sem við bættist í hverju einstöku viðtökufélagi þegar áætlunin var birt en ábyrgð félagsins, sem skipt er og heldur áfram starfsemi, takmarkast við nettóverðmæti þess sem var eftir í félaginu á sama tíma.“*

Eigið fé sem fært var til HS Veitna hf. skv. skiptingarefnahagsreikningi 1. júlí 2008 nam 9.448.921 þúsund krónum. Skv. 3. mgr. 133.gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög takmarkast krossábyrgð

útgefanda gagnvart HS Orku hf. við nettóverðmæti þess eigin fjár sem rann til HS Veitna hf.. Skiptingarátætlun var birt í Lögbirtingi þann 29. október 2008 og krossábyrgð útgefanda nær til þeirra skuldbindinga sem stofnast höfðu fyrir þann tíma.

#### **1.4 Lagabreytingar**

Um útgáfu skuldabréfanna gilda íslensk lög eins og þau eru á útgáfudegi verðbréfalýsingarinnar. Útgefandi ber enga ábyrgð á lagabreytingum, niðurstöðu dómstóla eða ákvörðunum stjórnvalda eftir útgáfudag.

#### **1.5 Markaðsáhætta**

Með markaðsáhattu er átt við þá áhættu sem sameiginleg er öllum verðbréfum í sama flokki. Megin markaðsáhætta er tengist skuldabréfum eru breytingar á vaxtastigi á viðkomandi markaði. Hækki almenn vaxtakjör þá leiðir það til lækkunar á markaðsverði skuldabréfsins og öfugt. Þessi áhætta er meiri eftir því sem skuldabréfin eru til lengri tíma. Fjárfestar skulu kynna sér markaðsáhattu tengda skuldabréfum og meta þau áhrif sem breytingar á vaxtastigi hafa á markaðsverðmæti skuldabréfanna.

#### **1.6 Seljanleikaáhætta**

Þrátt fyrir að sótt hafi verið um töku skuldabréfanna til viðskipta í NASDAQ OMX Iceland hf. er ekki hægt að ábyrgjast skilvirkan markað með skuldabréfin. Þá hvílir engin skylda á útgefanda til að viðhalda slíkum skilvirkum markaði. Útgefandi verður ekki með viðskiptavakt á skuldabréfunum. Þannig getur sú staða komið upp að fjárfestar geta ekki selt skuldabréfin auðveldlega eða á verði sem er sambærilegt við verð annarra fjármálagerninga þar sem skilvirkur markaður og seljanleiki er fyrir hendi.

#### **1.7 Verðbólguáhætta**

Verðbólga getur haft áhrif á eignir og skuldir útgefanda þannig að verði aukning á verðbólgu getur það leitt til hækkunar verðtryggða eigna og skulda sem og hærri vaxtatekna og –gjalda. Gjaldskrár-ákvæðanir fyrirtækisins hafa byggt í meginatriðum á þróun verðlags þó gjaldskrá hafi ekki fylgt verðlagi að fullu.

## 2. Ábyrgir aðilar

### 2.1 Yfirlýsing stjórnar

Stjórn HS Veitna hf., kt. 431208-0590, Brekkustíg 36, 260 Reykjanesbæ, fyrir hönd útgefanda, lýsir því yfir að samkvæmt okkar bestu vitund eru upplýsingarnar, sem lýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjanesbær, 19. nóvember 2009  
fh. stjórnar HS Veitna hf.

Árni Sigfússon, kt. 300756-5309,  
formaður stjórnar

Björk Guðjónsdóttir, kt. 160154-7649,  
meðstjórnandi

Davíð Stefánsson, kt. 170964-4389,  
meðstjórnandi

Eyjólfur Sæmundsson, kt. 280950-3199,  
meðstjórnandi

Glúmur Jón Björnsson, kt. 190969-3559,  
meðstjórnandi

Guðbrandur Einarsson, kt. 291058-3619,  
meðstjórnandi

Pór Gíslason, kt. 041163-5779,  
meðstjórnandi og varaformaður stjórnar

### 2.2 Yfirlýsing umsjónaraðila

MP Banki hf., kt. 540599-2469, Skipholti 50d, 105 Reykjavík, fyrir hönd umsjónaraðila, lýsir því yfir að samkvæmt bestu vitund MP Banka hf. eru upplýsingarnar, sem lýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 19. nóvember 2009  
Fh. MP Banka hf.

Friðrik Einarsson,  
forstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar.

### 3. Til fjárfesta

Verðbréfalýsing þessi varðar útgáfu HS Veitna hf. á skuldabréfum í flokki HSVE 08 1 og töku þeirra til viðskipta hjá NASDAQ OMX Iceland hf. Verðbréfalýsingin hefur verið útbúin í samræmi við lög nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Verðbréfalýsing þessi er hluti lýsingar sem samanstendur af þremur sjálfstæðum skjölum, verðbréfalýsingu þessari, útgefandalýsingu og samantekt, dagsett 19. nóvember 2009. NASDAQ OMX Iceland hf. hefur staðfest lýsingu þessa fyrir hönd Fjármálaeftirlitsins. Lýsing þessi er gild í 12 mánuði frá birtingardegi hennar.

Skuldabréfin kunna ekki að henta öllum fjárfestum. Sérhverjum fjárfesti ber því að skoða hagkvæmni þess að fjárfesta í skuldabréfunum með hliðsjón af eigin aðstæðum. Þannig ætti hver sá sem fjárfestir í skuldabréfunum:

1. Að hafa nægilega faglega þekkingu, fjárhagslegan styrkleika og reynslu til að meta þá áhættuþætti sem geta haft áhrif á endurgreiðslu eða markaðsverð skuldabréfanna.
2. Að skilja þá kosti og áhættuþætti sem tengjast fjárfestingu í skuldabréfum sem og þær upplýsingar sem finna má í lýsingunni í heild sinni auk viðauka og annarra gagna sem fylgja þeim. Væntanlegir fjárfestar skulu kynna sér ítarlega þær upplýsingar sem finna má í lýsingunni sem gefin er út í tengslum við útgáfu skuldabréfa í þessum flokki.
3. Að hafa aðgang að og þekkingu á viðeigandi greiningartækjum og -aðferðum til að meta kosti og galla þess að fjárfesta í skuldabréfunum sem og hvaða áhrif fjárfesting á skuldabréfunum hefur á eignasafn fjárfestis.
4. Að hafa nægilegan fjárhagslegan styrkleika og laust fé til að ráða við þá áhættu sem felst í fjárfestingu í skuldabréfunum.
5. Að skilja skilmála skuldabréfanna fullkomlega og hafa kynnt sér þróun og markaðshæðun viðeigandi viðmiða og vísitalna á fjármálamarkaði.
6. Að geta metið, annað hvort sjálfur eða með aðstoð ráðgjafa, hvaða áhrif ólíkar breytingar á hagvexti, vöxtum og öðrum atriðum geta haft á fjárfestinguna og þá ávöxtunarkröfu sem fjárfestir gerir til hennar.

Ekki skal dreifa upplýsingum beint eða óbeint og er þá átt við faxsendingar, tölvupóst, símtöl og vefsíður, úr verðbréfalýsingu þessari eða öðrum skjölum sem eru hluti af lýsingunni. Einnig skal ekki senda upplýsingar úr lýsingu þessari í pósti til landa þar sem slíkt myndi krefjast viðbótarskráningarferlis eða aðgerða annarra en þeirra sem heyra undir íslensk lög og reglur eða stangast á við lög eða reglur þess lands sem í hlut á.

Upplýsingar í lýsingu þessari eru byggðar á forsendum og aðstæðum á birtingardegi lýsingarinnar. Þessar forsendur og aðstæður kunna að breytast eftir útgáfudag. Tekið er sérstaklega fram að umsjónaraðili hefur ekki tekið að sér að fara yfir málefni eða fjárhagsstöðu útgefanda á líftíma skuldabréfanna eða tekið að sér að upplýsa fjárfesta um slíkar upplýsingar komist hann yfir þær. Fjárfestar eru þess vegna hvattir til að kynna sér allar opinberar upplýsingar varðandi útgefanda sem berast markaði eftir birtingardag lýsingarinnar. Upplýsingarnar má finna á heimasíðu útgefanda [www.hsveitur.is](http://www.hsveitur.is).

## 4. Helstu upplýsingar

### 4.1 Hagsmunir einstaklinga og lögaðila sem tengjast útgáfunni

Útgefanda er ekki kunnugt um hagsmuni einstaklinga og lögaðila er tengjast útgáfunni sem eru ósamrýmanlegir hagsmunum sem skipta máli fyrir útgáfuna.

### 4.2 Ástæður fyrir útboðinu og ráðstöfun söluandvirðis útboðs

Í framhaldi af gildistöku laga um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði, nr. 58/2008, var Hitaveitu Suðurnesja hf., kt. 680475-0169, Brekkustíg 36, Reykjanesbæ gert að aðskilja formlega í sérstökum félögum einkaleyfisstarfsemi félagsins og samkeppnisstarfsemi.

Útgefandi er viðtökufélag vegna ofangreindrar uppskiptingar Hitaveitu Suðurnesja hf. og mun hafa með höndum einkaleyfisstarfsemi Hitaveitu Suðurnesja hf. en í 52 gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003 segir m.a. að sé hlutafélagi skipt þannig að fleiri en eitt hlutafélag taki við öllum eignum og skuldum þess og hluthafarnir í félaginu sem skipt er fái eingöngu hlutabréf í félagunum sem við taka sem gagnjald fyrir hlutafé sitt í hinu skipta félagi skulu skiptin sem slík ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir þann sem hlutabréfin lét af hendi. Eignarhlutir hluthafa í félagunum skulu vera innbyrðis í sömu hlutföllum og eignarhlutirnir voru í því félagi sem skipt er. Eignir og skuldir skulu yfirfærast á bókfærðu verði. Ákvæði þessarar málsgreinar eiga einnig við þegar hlutafélagi er skipt þannig að fleiri en eitt hlutafélag taka við hluta eigna og skulda í upprunalegu félagi.

Fjárfestum er bent á að við uppskiptingu Hitaveitu Suðurnesja tók útgefandi, sem viðtökufélag, á hendur krossábyrgð samkvæmt 3. mgr. 133. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, en þar segir:

*„Ef kröfuhafi í félaginu, sem tekið hefur þátt í skiptingunni, fær ekki fullnustu kröfu sinnar í því félagi sem kröfuna skal greiða ber hvert hinna þátttökufélaganna óskipta ábyrgð á skuldbindingum sem stofnast höfðu þegar upplýsingar um skiptingarátætlunina voru birtar. Ábyrgð hinna viðtökufélaganna takmarkast þó við nettóverðmæti þess sem við bættist í hverju einstöku viðtökufélagi þegar áætlunin var birt en ábyrgð félagsins, sem skipt er og heldur áfram starfsemi, takmarkast við nettóverðmæti þess sem var eftir í félaginu á sama tíma.“*

Samkvæmt 3. mgr. 133.gr. laga nr. 2/1995 verður ekki séð að skipting Hitaveitu Suðurnesja hf. í tvo hluta muni rýra möguleika lánardrottna Hitaveitu Suðurnesja hf. á fullnustu krafna sinna, kæmi til gjaldþrots HS Orku hf.

Nettóverðmæti þess eigin fjár sem rann til útgefanda við uppskiptingu Hitaveitu Suðurnesja hf. nam alls 9.448.921.000 krónum sem er sú upphæð sem krossábyrgð útgefanda er gagnvart kröfuhöfum HS Orku hf. á líftíma þeirra lána sem eftir voru hjá HS Orku hf. samkvæmt skiptingarátætlun með þeim breytingum sem koma fram í frávikum frá skiptingarátætlun. Líftími þessara lána er mislangur en nær lengst til ársins 2021. Skiptingarátætlun var birt í Lögbirtingi 29. október 2008 og krossábyrgð útgefanda nær einnig til þeirra skuldbindinga sem stofnast höfðu fyrir þann tíma.

Í skiptingaráætlun Hitaveitu Suðurnesja hf. sem miðuð er við 1. júlí 2008 eru tilgreindar þær eignir skuldir, skuldbindingar og eigið fé Hitaveitu Suðurnesja hf. sem færast munu til nýs félags, HS Veitna hf., við skiptinguna. Upplýsingar um þær eignir og skuldir sem færast áttu inn í nýja félagið má finna í fylgiskjölum 1 og 2 í skiptingaráætlun. Samkvæmt áætlun var gert ráð fyrir að HS Veitur hf., yfirtæki vaxtaberandi skuldir að fjárhæð kr. 5.734.788.853, miðað við stöðu skulda þann 30. júní 2008. Þar af nema vaxtaberandi skuldir í erlendum myntum kr. 5.454.292.215.

Í tillögu um frávik frá skiptingaráætlun dags. 27. nóvember 2008 er lagt til að þær erlendu skuldir sem flytjast áttu yfir til HS Veitna hf. verði eftir sem áður skráðar á HS Orku hf. en þess í stað myndist viðskiptaskuld HS Veitna hf. við HS Orku hf. að fjárhæð kr. 5.454.292.215, í íslenskum krónum. Segir enn fremur í frávikstillögunni að ástæður fyrir þessum gerningi séu einkum að með því að færa einungis skuldir í íslenskum krónum yfir til HS Veitna hf. minnkar gengisáhætta útgefanda til muna enda er gert ráð fyrir að tekjur af veitustarfsemi verði nær einvörðungu í íslenskum krónum.

Tilgangur útgáfu íslensks skuldabréfaflokks er sá að greiða upp ofangreinda viðskiptaskuld útgefanda gagnvart HS Orku hf. að fjárhæð kr. 5.454.292.215. Alls er nú gefið út 6.000.000.000 króna að nafnvirði og þessi útgáfa hefur nú þegar verið seld til HS Orku hf., kt. 680475-0169. Ástæða þess að nú er gefið út 6.000.000.000 króna er til að útgefandi standi einnig skil á verðbótum og vöxtum frá 1. júlí 2008 til útgáfudags skuldabréfaflokksins sem var 15. desember 2008. Áfallnir vextir og verðbætur vegna skuldbindingu útgefanda gagnvart HS Orku hf. námu á útgáfudegi skuldabréfaflokksins 421.077.076 krónum.

Útgefandi greiðir til Verðbréfaskráningar Íslands alls 1.200.000 kr. í stofngjald og 1.200.000 kr. í árgjald vegna skuldabréfaútgáfunnar. Enn fremur greiðir útgefandi 450.000 kr. fyrir að skuldabréfin séu tekin til viðskipta hjá NASDAQ OMX Iceland hf. ásamt árlegu markaðstengdu gjaldi sem er 0,001% af markaðsvirði skuldabréfaflokksins. Áætlaður heildarkostnaður vegna útgáfu og töku bréfanna til viðskipta er því um 3.000.000 kr.

## 5. Upplýsingar um skuldabréfin

<b>Útgáfudagur:</b>	15. desember 2008
<b>Auðkenni og gjaldmiðill:</b>	Auðkenni bréfanna er HSVE 08 1 og ISIN auðkenni er IS0000018877. Bréfin eru gefin út í íslenskum krónum og eru að nafnvirði 6.000.000.000 kr.
<b>Tegund bréfa, greiðsla afborgana og gildistími:</b>	<p>Skuldabréfin eru í 1. flokki 2008 og eru vaxtagreiðslubréf til 10 ára. Höfuðstóll skuldarinnar er greiddur í einni afborgun í lok líftíma bréfanna, þann 15. desember 2018.</p> <p>Vextir eru reiknaðir frá 15. desember 2008 og eru greiddir árlega, alls 10 gjalddagar, fyrst þann 15. desember 2009 og svo árlega eftir það allt til ársins 2018.</p> <p>Höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölunni frá grunnvísitölu til fyrsta gjalddaga vaxta og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölunni milli síðari gjalddaga. Höfuðstóll skuldarinnar er reiknaður út áður en vextir eru reiknaðir.</p> <p>Skuldabréfin eru án uppgreiðsluheimildar.</p>
<b>Heildarfjárhæð útgáfunnar og heimild fyrir útgáfu:</b>	Stjórn útgefanda samþykkti skuldabréfaútgáfu á fundi þann 1. desember 2008 fyrir 6.000.000.000 kr. að nafnvirði. Nú þegar hafa verið útgefin og seld skuldabréf samtals að nafnvirði 6.000.000.000 kr. til HS Orku hf. Flokkurinn er opinn og getur stjórn útgefanda veitt heimild til frekari stækkunar á skuldabréfaflokknum í framtíðinni. Slík ákvörðun hefur ekki verið tekin við dagsetningu lýsingar þessarar.
<b>Útgefið nú:</b>	6.000.000.000 kr.
<b>Forgangsröðun verðbréfa:</b>	Útgefandi ábyrgist skilvísa og skaðlausa endurgreiðslu skuldabréfanna með tekjum sínum og eignum. Eingin sérstök réttindi, hlunnindi eða forkaupsréttarákvæði fylgja kaupum á skuldabréfum er tilheyra skuldabréfaflokki HSVE 08 1. Skuldabréfin eru ekki víkjandi gagnvart yfirstandandi eða framtíðarskuldbindingum útgefanda.
<b>Nafnverðseiningar:</b>	Nafnverðseining bréfanna er 5.000.000 kr. og eru bréfin alls 1.200 talsins.

<b>Vextir og verðtrygging:</b>	Skuldabréfin bera 5,30% árlega vexti af höfuðstól og reiknast samkvæmt 30/360 dagareglu. Skuldabréfin eru bundin vísitölu neysluverðs, sem er reiknuð og birt af Hagstofu Íslands, skv. lögum nr. 12/1995, til verðtryggingar með grunnviðmiðun 322,3 stig í október 2008. Höfuðstóll skuldarinnar breytist í réttu hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá grunnviðmiðun til gjalddaga.
<b>Ávöxtun og ávöxtunarkrafa á söludegi:</b>	Ávöxtunarkrafa á söludegi var 5,30%. Ávöxtunarkrafa og sölugengi ræðst af markaðsaðstæðum hverju sinni. Upplýsingar um ávöxtunarkröfu á sölutímabilinu er hægt að nálgast hjá útgefanda. Verð skuldabréfanna ákvarðast af ávöxtunarkröfu á hverjum tíma.
<b>Fyrning:</b>	Höfuðstóll skuldabréfanna fyrnist á tíu árum frá gjalddaga, skv. 5. gr. laga nr. 150/2007, um fyrningu kröfuréttinda. Vextir skuldabréfanna fyrnast á 4 árum frá gjalddaga, skv. 3. gr. sömu laga.
<b>Gjaldfellingarákvæði:</b>	<p><b>Eiginfjárvöð:</b> Kröfuhafar, þ.e. eigendur skuldabréfa sem gefin eru út í skuldabréfaflokki og tilheyra flokki með einkennið HSVE 08 1, hafa heimild til að gjaldfella skuldabréfið komi í ljós við birtingu uppgjörðs að eiginfjárlutfall sé undir 35%, miðað við uppgjörsdag og útgefandi bætir ekki úr innan 30 daga. Fari eiginfjárlutfall á einhverjum tímapunkti niður fyrir 20% er útgefanda skylt að upplýsa kröfuhafa samstundis og kröfuhöfum er þá heimilt að gjaldfella skuldina bæti útgefandi ekki úr innan 5 daga. Við útreikning á eigin fé skal ekki meta óskráðar eignir á hærra verði en kostnaðarverði og lækka hlutfallslega ef verðmæti slíkra eigna, hvort sem slíkar eignir eru í eigu útgefanda eða annarra, eru seldar á lægra verði en upphaflegt kostnaðarverð. Ef skráðar eignir eru í óskráðu dótturfélagi útgefanda skal eigi meta dótturfélagið á hærra verði en markaðsverði undirliggjandi eignar eins og undirliggjandi eign er metin á markaði.</p> <p><b>Upplýsingaskylda:</b> Kröfuhöfum er heimilt að gjaldfella skuldina, sinni útgefandi ekki upplýsingaskyldu til kröfuhafa, óski kröfuhafi þess, í samræmi við grein 4.3. í „Reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga í NASDAQ OMX Iceland hf.“ sem útgefna eru 1. júlí 2008.</p> <p><b>Skuldsetning:</b> Útgefandi færir bókhald sitt og gerir upp í íslenskum krónum. Rekstrarkostnaður og tekjur útgefanda eru í íslenskum krónum. Tilgangur útgáfu þessa skuldabréfaflokks er</p>

sá að myntbreyta erlendum lánum vegna skiptingar Hitaveitu Suðurnesja hf. í HS orku hf. og HS veitur hf. Útgefandi skuldbindur sig til að stofna ekki til vaxtaberandi skulda í annarri mynt en þeirri sem rekstrarkostnaður og tekjur eru í, á líftíma þessa skuldabréfaflokks. Komi til þess að útgefandi stofni til vaxtaberandi skulda í annarri mynt heldur en þeirri sem rekstrarkostnaður og tekjur eru í, hafa kröfuhafar rétt til að gjaldfella skuldina einhliða, án fyrirvara eða tilkynningar og krefjast þess að útgefandi greiði útistandandi kröfur vegna skuldarinnar auk uppsafnaðra vaxta, verðbóta og innheimtukostnaðar vegna gjaldfellingarinnar.

**Breyting á grundvallar rekstrarþáttum:** Útgefandi skilgreinir grunnþætti í rekstri sínum með eftirfarandi hætti: Rekstur og eignarhald á dreifiveitum fyrir raforku, kalt og heitt vatn. Útgefandi skuldbindur sig til að breyta ekki grundvallaratriðum í rekstrarþáttum sínum. Komi til þess að útgefandi breyti grundvallaratriðum í rekstri félagsins, láti af grundvallarrekstrarþáttum félagsins eða selji ráðandi hluti í þeim eignum félagsins, sem styðja við rekstur þessara grundvallarrekstrarþátta, hafa kröfuhafar rétt til að gjaldfella skuldina einhliða, án fyrirvara eða tilkynningar og krefjast þess að útgefandi greiði útistandandi kröfur vegna skuldarinnar auk uppsafnaðra vaxta, verðbóta og innheimtukostnaðar vegna gjaldfellingarinnar.

**Afnám einkaleyfis:** Í framhaldi af samþykkt laga um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði, nr. 58/2008, yfirtekur útgefandi einkaleyfi á starfsemi Hitaveitu Suðurnesja hf. sbr. 8. gr. laga nr. 10/2001, um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja. Verði breytingar á lögum þannig að einkaleyfi útgefanda verði felld niður eða ógilt hafa kröfuhafar rétt til að gjaldfella skuldina einhliða, án fyrirvara eða tilkynningar og krefjast þess að útgefandi greiði útistandandi kröfur vegna skuldarinnar auk uppsafnaðra vaxta, verðbóta og innheimtukostnaðar vegna gjaldfellingarinnar.

**Breyting á eignarhaldi:** Í lögum um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði, nr. 58/2008, er skýrt kveðið á um að eignarhald útgefanda þarf ávallt að vera í meirihlutaeigu ríkis, sveitarfélaga og/eða fyrirtækja sem eru alfarið í eigu þessara aðila. Verði breytingar á lögum sem leiða til breytinga á eignarhaldi útgefanda og ef meirihlutaeign eignarhalds útgefanda er ekki lengur hjá ríki, sveitarfélögum og/eða

fyrirtækjum, sem eru alfarið í eigu þessara aðila, hafa kröfuhafar rétt til að gjaldfella skuldina einhliða, án fyrirvara eða tilkynningar og krefjast þess að útgefandi greiði útstandandi kröfur vegna skuldarinnar auk uppsafnaðra vaxta, verðbóta og innheimtukostnaðar vegna gjaldfellingarinnar.

**Framsal:**

Einungis er heimilt að framselja skuldabréfin til nafngreinds aðila. Skuldabréfin eru gefin út með rafrænum hætti í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík og er reikningsstofnunum, eins og þær eru skilgreindar samkvæmt lögum nr. 131/1997, um rafræna eignaskráningu verðbréfa, einum heimilt að annast milligöngu um framsal á þeim. Eignaskráning rafbréfa hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf., að undangenginni lokafærslu Verðbréfaskráningar Íslands hf. veitir skráðum eiganda hennar lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að. Engar aðrar hömlur eru á framsali með skuldabréf þessi.

**Umsjónaraðili:**

MP Banki hf., kt. 540599-2469, Skippholti 50d, 105 Reykjavík er söluaðili og umsjónaraðili töku skuldabréfanna til viðskipta hjá NASDAQ OMX Iceland hf.

**Vanskil:**

Ef ekki er tengdur bankareikningur við VS-reikning eiganda skuldabréfsins, sbr. 5. tl. 9. gr. reglugerðar nr. 397/2000, skal eigandinn snúa sér til útgefanda og framvísa viðeigandi eignarréttindum að skuldabréfinu til greiðslu. Framvísi eigandi eignarréttindum að skuldabréfi til greiðslu eftir gjalddaga, mun kröfuhafa hvorki verða greiddir vextir, verðbætur né dráttarvextir frá gjalddaga til framvísunardags.

Greiði útgefandi ekki á gjalddaga skuldabréfanna enda hafi skuldabréfaeigandi fyrir þann tíma framvísað með sannarlegum hætti staðfestingu á eign sinni á VS reikningi hjá reikningsstofnun, er skuldabréfaeiganda heimilt að innheimta dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndarálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af gjaldfallinni eða gjaldfelldri upphæð.

Hafi greiðsla ekki verið innt af hendi 30 dögum eftir gjalddaga höfuðstóls eða 30 dögum eftir að innheimtubréfi hafi verið framvísað til greiðslu enda hafi skuldabréfaeigandi þá ekki fengið greitt í gegnum VS reikning hjá Verðbréfaskráningu Íslands, er skuldabréfaeiganda heimilt að fella skuldina í gjalddaga fyrirvaralaust og án uppsagnar. Sama gildir ef

skuldari leitar nauðasamninga eða bú hans tekið til gjaldþrotaskipta.

**Skattar:**

Skattaleg meðferð bréfanna fer eftir gildandi skattalögum á Íslandi á hverjum tíma. Á útgáfudegi lýsingar þessarar ber að greiða 15% staðgreiðsluskatt á fjármagnstekjur skuldabréfanna, skv. fjárukalögum nr. 70/2009 sem breyttu lögum nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Fjárfestum er bent á að sækja sér skattaráðgjöf. Útgefandi ábyrgist ekki að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir. Bréfin eru stimpilskyld og mun útgefandi greiða stimpilgjald.

**Ágreiningsmál:**

Um skuldabréfin gilda íslensk lög. Rísi mál út af skuldabréfum þessum má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur skv. ákvæðum 17. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

## **6. Taka til viðskipta í kauphöll og fyrirkomulag viðskipta**

Skuldabréfin hafa þegar verið skráð í rafrænt kerfi Verðbréfasráningar Íslands hf. sem starfar í samræmi við lög nr. 131/1997, um rafræna skráningu verðbréfa.

Útgefandi hefur sótt um að bréfin verði tekin til viðskipta á skipulögðum verðbréfamarkaði, sem starfræktur er af NASDAQ OMX Iceland hf. NASDAQ OMX Iceland hf. starfar í samræmi við lög um kauphallir, nr. 110/2007. Hægt verður að taka bréfin til viðskipta í fyrsta lagi þann 20. nóvember 2009.

Ekki hefur verið samið um viðskiptavakt í tengslum við töku skuldabréfanna til viðskipta í NASDAQ OMX Iceland hf.

## **7. Viðbótarupplýsingar**

### **7.1 Ráðgjafar**

Ráðgjafi útgefanda við töku bréfanna til viðskipta hefur verið MP Banki hf. MP Banki hf. hefur verið ráðgefandi varðandi stærð útgáfu, skilmála, vaxtakröfu, markaðsverðmæti bréfanna við sölu, ásamt því að vinna að gerð lýsingarinnar.

## 7.2 Utanaðkomandi upplýsingar

Yfirlýsing um krossábyrgð útgefanda í kafla 4.2, verðbréfalýsingar þessarar, byggir á yfirlýsingu frá endurskoðanda útgefanda, KPMG hf., kt. 590975-0449, Borgartúni 29, Reykjavík, sem gerð var í tengslum við skiptingaráætlun Hitaveitu Suðurnesja hf. Í bréfi dagsettu 13. október 2008 veður KPMG sérstaka athygli á ákvæði 3. mgr. 133. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög.

Að öðru leyti byggir verðbréfalýsing þessi ekki á yfirlýsingum frá utanaðkomandi sérfræðingum eða öðrum þriðja aðila.